

Almennar upplýsingar og skilmálar fyrir húsbýggjendur

Þjónustusími HS Veitur hf er 4225200. Nánari upplýsingar um afgreiðslustaði er að finna á heimasíðu HS Veitna www.hsveitur.is

Veitusvæði HS Veitna hf

Sveitarfélag	Hitaveita	Rafveita	Vatnsveita
Suðurnes	X	X	X ¹⁾
Hafnarfjörður		X	
Garðabær, sunnan Hraunholtslækjar		X	
Bessastaðahreppur		X	
Vestmannaeyjar	X	X	X
Árborg (Selfoss, Stokkseyri og Eyrarbakki)		X	

1) Reykjanesbær, Garður

Eftirfarandi almennir skilmálar gilda á öllu veitusvæði HS Veitna hf

- Á byggingarnefndarteikningum skal sýna hentugan inntaksstað fyrir hitaveitu, vatn og rafmagn. Æskilegt er að inntak sé á götuhlið húsa. Inntaksloki skal staðsettur við útvegg og hemlagrind sem næst inntaksloka. Þar skal vera gólfniðurfall og stútur til tengingar á frárennsli, en þurfi hemlagrind að vera í öðru herbergi skal lögn þar á milli vera óhulin og aðgengileg. Nægilegt athafnarými sé við hemlagrindur og lofthæð ekki minni en 1,8 m. Ætla þarf um 1,0 m² veggrymi fyrir grindina.
- Áður en heimæð (vatnslögn), heimtaug (raflögn) er lögð að húsi skal:
 - vera búið að fylla í pípuþæðið á lóðinni þannig að ekki vanti meira en 10-15 cm á endanlega hæð og fjarlægja byggingarefni þannig að ekki hamli greftri.
 - húsið vera fokhelt, þ.e. þak komið á og búið að loka gluggum og dyrum.
 - vera til staðar 50mm ídráttarrör fyrir rafmagnsheimtaug [63A sem nær út fyrir lóðarmörk, nema óskað sé eftir því að HS sjái um það.
 - vera búið að leggja frárennislagnir.
 - vera búið að leggja kaldavatnsheimæð á svæðum þar sem HS sér ekki um vatnsveitu.
- Heimæðar/heimtaugar verða ekki lagðar ef frost er í jörðu nema gegn greiðslu þess aukakostnaðar sem því fylgir. Húsbýggjendur sem vilja fá hús sín tengd fyrir veturinn skulu sækja um tengingu fyrir 1. október.
- Umsókn um bráðabirgðaheimlögn (kalt, heitt, rafmagn) skal skilað til afgreiðslu HS Veitna hf ásamt fylgigögnum. Nauðsynlegt er að sækja um tengingu með góðum fyrirvara. Bráðabirgðaheimlagnir aftengjast þegar aðalheimlagnir verða tengdar. Fyrir bráðabirgðaheimtaug rafmagns (vinnuheimtaug) þarf að staðsetja vinnuskúrinn á viðkomandi lóð götumegin við byggingareit og ekki ofaná væntanlegum lagnaleiðum. Sé vilji til að tengja bráðabirgðatengingu rafmagns beint í götuskáp þá greiðist kostnaður af umsækjanda utan lóðar og >5m innan lóðar.
- Nægilegt er að sækja um uppsetningu hemlagrindar símleiðis með tveggja til þriggja daga fyrirvara og þá vera búið að ganga frá þeim vegg sem hemlagrind skal staðsett.
- Þegar pípuþæðingameistari hefur tengt húskerfi við hemlagrind getur hann sótt um áhleyingu með minnst eins dags fyrirvara. Rafverktaki þarf að skila inn tengibeidni og fá uppsetta orkumæla áður en tenging fer fram. Til þess að áhleying eða tenging sé framkvæmd þarf húsbýggjandi/eigandi að vera búinn að greiða viðkomandi tengigjald.
- Hitaveituintök, hemlagrindur og mælatöflur skulu ætíð vera aðgengilegar fyrir starfsmenn HS Veitna hf.
- Teikningar: Fyrir nýbyggingar og önnur mannvirki sem tengjast eiga dreifikerfi HS Veitna hf, er umsækjanda skylt, áður en verk er hafið að leggja inn samþykktar teikningar þ.e. afstöðumynd og skal hún vera málsett í mælikvarða 1:500 og málsetta grunnmynd. Einnig skal leggja fram teikningar sem sýna legu ídráttarrörs fyrir rafmagnsheimtaug, staðsetningu aðaltöflu, inntaksstað hitaveitu, staðsetningu hemlagrindar og legu kaldavatnsheimæðar frá lóðarmörkum að inntaksstað.
- Fylgiblað með umsókn fyrir fjölbýli og uppskipt atvinnuhúsnæði skilist í síðasta lagi með áhleyingarbeiðni.

Gera þarf grein fyrir hvaða húshlutar verða á hverri hitaveitugrind, merkingu hvernar íbúðar (t.d. 0101, 0102, sameign).

Gera þarf grein fyrir hversu marga rafmagnsmæla skal setja upp og merkingu hvernar íbúðar (t.d. 0101, 0102, Sameign) Ef byggingarreitur sem um ræðir hefur margar byggingareiningar á einu og sama heimilisfanginu !

Það er að ekki sé greint á milli bygginga innan sama byggingarreits með númerum eða A,B,C merkingum. Þá þarf að gefa upp í hvaða byggingu viðkomandi húshlutar eru með teikningu, einnig þarf þá að nefna t.d. sameignir eftir viðkomandi húshlutum (t.d. sameign A-hluti).